



BRAUTSKRÁNING KANDÍDATA FRÁ

HÁSKÓLA ÍSLANDS 17. FEBRÚAR 2023

Til hamingju

með áfangann

### Kæri kandídat.


Það stýttist í brautskráningu frá Háskóla Íslands og ég óska þér hjartanlega til hamingju með áfangann. Við, starfsfólk háskólans, erum afar stolt af þér og öðrum nemendum skólans og vonum að þér farnist sem best í framtíðinni.

Það skiptir okkur miklu máli að þér hafi líkað námið og dvölin við Háskóla Íslands og viljum við gjarnan fá að rækta áfram tengslin við þig í framtíðinni. Við lítum svo á að allir sem brautskrást frá Háskóla Íslands séu hollvinir skólans. Markmið hollvinastarfs okkar er fyrst og fremst að efla tengslin á milli háskólasamfélagsins og fyrrverandi nemenda, miðla upplýsingum um fjölbreytta starfsemi háskólans og fregna af þér og öðrum nemendum í framtíðinni.

Ég býð þig velkominn/velkomna/velkomið á brautskráninguna sem fram fer í **Háskólabíói, föstudaginn 17. febrúar kl. 15.**

Hér að neðan er að finna hagnýtar upplýsingar um athöfnina sem ég bið þig góðfúslega um að kynna þér.

Með kærri kveðju,



Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands

### Gott að vita fyrir brautskráninguna

**Staður og stund:** 17. febrúar kl. 15 í Háskólabíói.

**Mæting fyrir kandiádata:** Klukkan 14.

**Gestir:** Þú mátt taka með þér tvo gesti.

**Sætaskipan:** Þú ert með frátekið númerað sæti sem kemur fram á nafnalista sem afhentur verður við innganginn í Háskólabíói.

**Athöfnin sjálf:** Þegar kemur að þínum hópi ganga kandiádata vinstra megin upp á sviðið að merkingu á gólfi.

Þegar þú hefur tekið við prófskírteini úr hendi deildarforseta og kveðju rektors gengur þú yfir sviðið og aftur til sætis. Starfsfólk Háskóla Íslands verður á staðnum og veitir nánari leiðbeiningar.

### Dagskrá athafnarinnar:

- Tónlistarflutningur og setning
- Ávarp rektors
- Brautskráning eftir fræðasviðum: Félagsvísindasvið, Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið, Menntavísindasvið, Verkfræði- og náttúruvísindasvið
- Ávarp fulltrúa kandiádata
- Háskólakórinn flytur nokkur lög
- Athöfn slitið kl. 16.30

Ef þú hefur ekki tók á að vera við brautskráninguna bið ég þig vinsamlega um að tilkynna það skrifstofu þinnar deildar fyrir kl. 15 mánudaginn 13. febrúar.